



Nefndasvið Alþingis, umhverfisnefnd,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

24-10-2007.

Varðar: **Frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2008** (stofnun 14-287).

Í frumvarpi til fjárlaga eru heildartekjur Úrvinnslusjóðs (14-287) áætlaðar **800 mkr.** Annars vegar er gert ráð fyrir að 700 mkr. verði “innheimt af ríkistekjum”, sem eru áætlaðar tekjur af álögðu úrvinnslugjaldi á innfluttar vörur og vörur framleiddar hér á landi á árinu 2008. Eru það tekjur af hinni reglulegu starfsemi. Hins vegar eru “sértekjur”, sem eru vaxtatekjur, áætlaðar 100 mkr.


Gjöld eru einnig áætluð **800 mkr.** Hins vegar er sérstaklega tekið fram í athugasemdum með frumvarpinu að áætlað sé að gjöld verði **950 mkr.** “og að það sem uppá vantar að tekjur standi undir gjöldum [150 mkr.] verði fjármagnað af uppsöfnuðu eigin fé sjóðsins”. Að teknu tilliti til þessarar athugasemdar er frumvarpið í samræmi við áætlanir Úrvinnslusjóðs um heildartekjur og heildargjöld.

Sundurliðun gjalda er í tveimur liðum í frumvarpinu. Liður “1.01 Almennur rekstur”, tekur til gjalda sem stafa af sameiginlegum rekstri allra vörflokka, sem úrvinnslugjald er lagt á. Liður “1.10 Úrvinnslusjóður” tekur til þess sem er sértækur kostnaður hvers vörflokks. Virkir vörflokkar eru nú sautján talsins og eru gerðir upp aðskildir í ársreikningi. Þar er hinum sameiginlega kostnaði (“almennum rekstri”) og deilt niður á vörflokkana.

Liðurinn “1.01 Almennur rekstur” er nokkuð annar í frumvarpinu en gert var ráð fyrir í áætlun Úrvinnslusjóðs. Áætlunin nam **67 mkr.** en í frumvarpinu eru tilgreindar **55 mkr.** og hefur sú upphæð verið hin sama allar götur síðan Úrvinnslusjóður varð til. Verkefni Úrvinnslusjóðs og umsvif hafa eðli málsins samkvæmt aukist mikið. Í samræmi við þær staðreyndir hefur hinn “almenni rekstur” aukist. T.d. voru stöðuigildi tæplega þrjú fyrsta árið, árið 2003, en frá 2005 hafa þau verið fimm.

Áætlun, sem vísað er til hér að framan, var lögð fyrir umhverfissráðuneyti í febrúar s.l. Nú stendur yfir endurskoðun á einingarverði úrvinnslugjalds í fáeinum vörflokkum, sem hefur leitt af sér tillögur til umhverfissráðherra um breytingar. Þá er verið að endurmeta álagningarstofn, þ.e. væntanlegt magn innflutnings og innlendrar framleiðslu — og einnig væntanlegt magn úrgangs er Úrvinnslusjóður þarf að greiða fyrir á árinu 2008.

F.h. Úrvinnslusjóðs,



Ólafur Kjartansson, framkv.stj.

Afrit: UMHVERFISRÁÐUNEYTIÐ,
Hrafnhildur Á. Þorvaldsdóttir,
Magnús Jóhannesson,
Skuggasundi,
150 Reykjavík.